



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 12. nóvember 2021

2111005SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að breytingum á reglugerð um reykköfun nr. 1088/2013, Mál nr. 202/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt frá 29. október sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um tillögur um breytingar á reglugerð nr. 1088/2013 um reykköfun.

Sú breyting sem virðist vera umdeildust í fyrirhugaðri reglugerð snýr að lágmarkskröfum um tímafjölda við reykköfun. Í samráðsgátt er breytingunni og markmiði hennar lýst svo:

Markmið breytinganna er m.a. að mæla fyrir um breytt fyrirkomulag verklegra æfinga í reykköfun hjá slökkviliðum. Ráðuneytinu hefur borist ábendingar um að núgildandi fyrirkomulag um samtals 25. klst. lágmark tímalengdar slíkra æfinga sé ekki raunhæft og erfitt sé fyrir mörg slökkvilið að uppfylla þann tímafjölda. Lagt er til í drögum að breytingu á reglugerðinni að fjöldi verklegra æfinga í reykköfun skuli haldast sá sami, þ.e. sex á hverju ári, en skilyrði um lágmarkstímalengd þeirra fellt á brott þannig að aðeins er kveðið á um fjölda æfinga og af hvaða formi þær eru en skiptin eru ekki mæld í klukkustundum. Við gerð breytinganna var m.a. horft til Noregs og Svíþjóðar varðandi fyrirkomulagið þar í landi.

Það er almenn afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga að kappkosta verði að tryggja öryggi slökkviliðsmanna við störf þeirra á vettvangi. Mikilvægur liður í því er að tryggja að slökkviliðsmenn fái fullnægjandi æfingar í reykköfun. Varðandi lágmarksfjölda og lengd æfinga við reykköfun telur sambandið mjög eðlilegt að horft verði til framkvæmdar í nágrannalöndum ásamt því að tekið verði nokkurt tillit til þess að aðstæður slökkviliða hér á landi til að uppfylla lágmarksviðið geta verið afar ólíkar.

Af þeim umsögnum sem borist hafa um málið má ráða að þörf er á frekara samráði um málið við þau fagfélög sem málið varðar. Samband íslenskra sveitarfélaga óskar eftir að vera aðili að því samtali og fá þá jafnframt frekari kynningu á því fyrirkomulagi í nálægum löndum sem vísað er til að ofan.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri